

Steinull hf.
Stefán Logi Haraldsson
Skarðseyri 5
550Sauðárkrókur

Reykjavík, 14. apríl 2021
UST202002-487/gf
08.08.01

Varðar vöktun á hljóðstigi við steinullarverksmiðju Steinullar hf. á Sauðárkróki.

Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 24. júní sl. til rekstraraðila er því vísað til Teymis mengunareftirlits hjá Umhverfisstofnun að fjalla um breytingar á tíðni hljóðmælinga á lóð Steinullar hf. á Sauðárkróki. Vísað er í ákvæði í starfsleyfi Steinullar hf., grein 4.8, það sem heimilaðar eru breytingar á tíðni mælingar eftir því sem við á.

Teymi mengunareftirlits hefur fjallað um málið og vegna staðsetningar verksmiðjunnar á iðnaðarsvæði nyrst í bænum, og eins vegna þess að niðurstöður fyrri mælinga rekstraraðila benda til að hljóðvist á lóðinni uppfylli ákvæði reglugerð nr. 724/2008 er með þessu bréfi kröfum um vöktun á hljóðstigi breytt og að í stað hljóðmælinga á tveggja ára fresti eru gerðar kröfur til hljóðmælinga á fjögurra ára fresti.

Stofnunin hefur upplýst fulltrúa sveitarfélagsins Skagafjarðar og fulltrúa heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra um málið og ekki fengið athugasemdir við því.

Niðurstaða: Grein 3.1 í starfsleyfi breytist að því leyti að þar sem segir að vakta skuli hljóðstig frá verksmiðjunni annað hvert ár verður *að vakta skuli hljóðstig fjórða hvert ár.*

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra
Sveitarfélagið Skagafjörður